



Mánaðarlegt rekstraruppgjör
A-hluta
Reykjavíkurborgar
janúar – mars 2024

Borgarráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur nú fram uppgjör fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar tímabilið janúar – mars 2024 ásamt greinargerð. Tilgangurinn er að gefa borgarráði tímanlegar vísendingar um þróun rekstrar A-hluta borgarinnar vegna stefnumótunar- og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Mikilvægt er að hafa eftirfarandi atriði í huga við yfirferð rekstraruppgjörnsins:

- Uppgjörið er ekki endurskoðað eða með könnunaráritun ytri endurskoðanda.

Í eftirfarandi skýrslu er að finna samantekt á helstu niðurstöðum uppgjörnsins og ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs ásamt rekstrarreikningi fyrir tímabilið, stöðu efnahags í lok tímabils og sjóðstreymi A-hluta. Þar á eftir fylgja greinargerðir einstakra fagsviða um helstu frávik milli fjárhagsáætlunar og niðurstöðu tímabilsins (raun). Í skýrslunni er jafnframt gert grein fyrir frávikum í skatttekjum, fjármagnsliðum og framlögum til B-hluta fyrirtækja.


Minnt er á að meðfylgjandi greinargerð er trúnaðarmál.

Reykjavík, 13. júní 2024

Hörður Hilmarsson,
staðgengill sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

1. Samandregnar niðurstöður	1
2. Árshlutauppgjör A-hluta	7
2.1. Fjármagnsliðir A-hluta	11
2.2. Aðalsjóður	12
2.3. Eignasjóður	14
3. Nánar um A-hluta	15
3.1 Aðalsjóður	15
3.1.1 Menningar- og íþróttasvið	15
3.1.2 Skóla- og frístundasvið	17
3.1.3 Umhverfis- og skipulagssvið	25
3.1.4 Velferðarsvið	26
3.1.4.1 Velferðarsvið - bundnir liðir	29
3.1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu	31
3.1.6 Sameiginlegur kostnaður	32
3.1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið	33
3.1.8 Mannauðs- og starfsumhverfissvið	34
3.1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið	35
3.1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja	37
3.2 Eignasjóður	38
3.2.1 Eignaskrifstofa (ESR)	38
3.2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnýslu (RHS ES)	39
3.2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	40
Viðauki 1: Rekstraryfirlit Aðalsjóðs	41
Viðauki 2: Málaflokkayfirlit Aðalsjóðs	41
Viðauki 3: Rekstraryfirlit sviða Aðalsjóðs	42
Viðauki 4: Rekstraryfirlit Eignasjóðs	43
Viðauki 5: Rekstur Eignaskrifstofu (ESR)	43
Viðauki 6: Rekstur Skrifstofa miðlægrar stjórnýslu (RHS ES)	44
Viðauki 7: Rekstur Umhverfis- og skipulagssviðs Eignasjóðs (USK)	44
Viðauki 8: Fjárfestingayfirlit Eignasjóðs	45


1. Samandregnar niðurstöður



Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2024_03	Áætlun 2024_03	Frávik	%	Raun 2023_03	Breyting	%
Staðgreiðsla	31.266	30.556	710	2,3%	29.043	2.222	7,7%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-4.615	-4.511	-104	2,3%	-1.504	-3.111	206,9%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-122	0	-122		-2.847	2.725	-95,7%
Nettó útsvar	26.529	26.045	484	1,9%	24.693	1.836	7,4%
Fasteignaskattar	6.740	6.749	-9	-0,1%	6.275	465	7,4%
Lóðarleiga	621	626	-6	-0,9%	575	46	7,9%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breytingar	0	0	0		0	0	
Fasteignaskattar samtals	7.360	7.375	-15	-0,2%	6.850	511	7,5%
Skatttekjur samtals	33.889	33.420	469	1,4%	31.542	2.347	7,4%
Framlög Jöfnunarsjóðs	3.633	3.559	74	2,1%	2.867	766	26,7%
Þjónustutekjur	3.859	3.567	291	8,2%	3.449	409	11,9%
Eignatekjur	8.510	8.436	74	0,9%	7.454	1.056	14,2%
Sala byggingaréttar	850	999	-149	-14,9%	554	296	53,5%
Söluhagnaður eigna	-1	549	-550	-100,1%	508	-509	-100,1%
Endurgreiðslur annarra	2.192	1.787	406	22,7%	1.735	458	26,4%
Aðrar tekjur	922	911	11	1,2%	723	199	27,6%
Milliviðskipti tekin út	-9.011	-8.239	-772	9,4%	-8.063	-948	11,8%
Rekstrartekjur samtals	44.844	44.989	-145	-0,3%	40.769	4.075	10,0%
Laun og launatengd gjöld	-24.576	-24.227	-349	1,4%	-22.487	-2.090	9,3%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-662	-662	0	0,0%	-375	-287	76,7%
Launakostnaður samtals	-25.239	-24.889	-349	1,4%	-22.862	-2.377	10,4%
Annar rekstrarkostnaður	-18.016	-17.474	-542	3,1%	-16.601	-1.415	8,5%
Afskriftir	-2.283	-2.335	51	-2,2%	-2.070	-213	10,3%
Rekstrargjöld samtals	-45.538	-44.698	-840	1,9%	-41.533	-4.005	9,6%
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-2.597	-2.226	-372	16,7%	-3.209	612	-19,1%
EBITDA	1.589	2.625	-1.036	-39,5%	1.306	284	21,7%
EBIT	-694	291	-985	-338,6%	-764	70	-9,2%
Rekstrarniðurstaða	-3.292	-1.935	-1.357	70,1%	-3.974	682	-17,2%

Rekstrarniðurstaða A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði var neikvæð um 3.292 m.kr. sem var 1.357 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var.

Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæður um 1.589 m.kr. sem var um 1.036 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var, þar af voru rekstrartekjur samtals 145 m.kr. undir áætlun og rekstrargjöld að afskriftum undanskildum voru um 891 m.kr. yfir fjárheimildum.



Tekjur: Skatttekjur voru 33.889 m.kr. eða 469 m.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 710 m.kr. yfir áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 2,2 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2023. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023 og 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 480 m.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytinga. Sé hins vegar horft á hækkun útsvars frá árinu 2022 hefur prósentuhækkun beggja ára skilað 940 m.kr. herra útsvari fyrir fyrsta ársfjórðung. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflökks fatlaðs fólks og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun hans. **Fasteignaskattar** voru 15 m.kr. undir áætlun en hækkuðu um 511 m.kr. borið saman við tímabil 2023. **Endurgreiðslur annarra** námu 2.192 m.kr. og voru 406 m.kr. yfir áætlun, einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum en endurgreiðslur frá þeim voru 350 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 850 m.kr. og var 149 m.kr. undir áætlun. **Söluhagnaður eigna** var 550 m.kr. undir áætlun. **Þjónustutekjur** námu 3.859 m.kr. og voru 291 m.kr. yfir áætlun.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld voru 24.576 m.kr. eða um 349 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,4%. Frávik í launakostnaði voru mest á skóla- og frístundasviði sem var 593 m.kr. umfram fjárheimildir, ásamt velferðarsviði sem var 235 m.kr. umfram fjárheimildir. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 662 m.kr. en gjaldfært er í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** nam 18.016 m.kr. og var um 542 m.kr. umfram fjárheimildir. Mest frávik voru hjá umhverfis- og skipulagssviði Aðalsjóðs sem var 721 m.kr. yfir fjárheimildum og rekja má til vetrarþjónustu. Ósamþykktir reikningar í lok mars sem færast í apríl námu 422 m.kr. þar af voru reikningar vegna fjárfestinga 123 m.kr. **Fjármagnsgjöld** að frádregnum fjármunatekjum voru 372 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hærri verðbólgu en vísitala neysluverðs á tímabilinu hækkaði um 1,97% en áætlun gerði ráð fyrir 1,4% hækkun.

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða	Áætlun	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
	jan.-mars 2024	jan.-mars 2024			
Fjármála- og áhættustýringarsvið	247	271	-24	-9%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	1.351	1.342	9	1%	4%
Menningar- og íþróttasvið	5.236	5.297	-61	-1%	14%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	220	212	9	4%	1%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	622	626	-4	-1%	2%
Skóla- og frístundasvið	19.373	18.534	839	5%	52%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	3.270	2.730	540	20%	9%
Velferðarsvið án bundinna liða	9.715	9.476	238	3%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	1.116	1.276	-161	-13%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	958	867	91	10%	3%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga	1.079	1.637	-558	-34%	3%
Lífeyrisskuldbindinga	662	663	-0	0%	2%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	43.849	42.932	918	2%	117%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					37.522
Eignaskrifstofa	-5.584	-5.971	387	-6%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ES	-775	-912	137	-15%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignasjóðs	724	638	86	13%	
Málaflokkar Eignasjóðs samtals	-5.635	-6.245	610	-10%	

Helstu frávik frá áætlun eru hjá skóla- og frístundasviði sem var 839 m.kr. umfram fjárheimildir, laun og launatengd gjöld 593 m.kr. sem samkvæmt sviðinu má einkum rekja til veikinda, aukins stuðnings og móttöku hælisleitenda. Annar rekstrarkostnaður á skóla- og frístundasviði var 378 m.kr. umfram fjárheimildir. Umhverfis- og skipulagssvið í Aðalsjóði var 540 m.kr. umfram fjárheimildir að mestu vegna vetrarþjónustu en hún var 782 m.kr. umfram fjárheimildir.


Hjá Eignasjóði voru helstu frávik hjá eignaskrifstofu 387 m.kr. undir áætlun sem að mestu má rekja til þess að hagnaður af sölu fastafjármuna var 549 m.kr. undir áætlun.

Frávik hjá skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu í Eignasjóði skýrist einkum af að sala byggingaréttar var 149 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta 31.03.2024							
í m.kr.	Staðan	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma-skulda	Staðan
	1.1.2024						31.03.2024
Lífeyrisskuldbinding*	40.653		-385		662		40.931
Langtímaskuldir*	122.941	3.649	-872	1.293			127.011
Leiguskuldbindingar*	12.908		-423	167			12.652
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	27					-1	26
Viðskiptaskuldir	7.073					-3.324	3.749
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	882					-307	576
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	80					0	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	10.673					4.375	15.048
Aðrar skammtímaskuldir	3.235					297	3.531
	198.473	3.649	-1.680	1.460	662	1.040	203.604


* ásamt næsta árs afborgunum

Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántökuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 16.500 m.kr. og var í mars búið að taka lán að fjárhæð 3.649 m.kr. Hækkun launaliðarins skýrist að mestu af að útborgun launa fór fram eftir mánaðamót.



Hækkun hreinna skulda A-hluta frá áramótum nam 4 m.kr. og rekja má til 2,4 ma.kr. lántöku umfram afborganir auk þess sem verðbætur námu 1,5 ma.kr.¹


Athygli er vakin á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.




Handbært fé frá áramótum til loka mars hækkaði um 818 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum nam 4.031 m.kr. Greidd gátnagerðagjöld og sala byggingaréttar námu 1.354 m.kr. Lántaka tímabilsins nam 3.649 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda voru 1.295 m.kr.

¹ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjárumnum.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um **0,8%** á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024.



Fjármögnun A-hluta og greiðslugeta gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar sem Reykjavíkurborg hefur sett sér í fjármálastefnu fyrir árin 2023-2027 eru eftir farandi:

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2025.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.
7. Lágmarksstaða handbærs fjár miði við 8 ma.kr.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2024_03	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✖ -3.291	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✖ 84%	✖ 82%	🟢 80%	🟢 80%	🟢 79%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✖ 0,8%	✖ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✖ 0,3	✖ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5*	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	-	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	🟢 12.324	🟢 9.317	🟢 8.826	🟢 8.754	🟢 9.572

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Staðgreiðsla útsvars 710 m.kr. yfir áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 2,2 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2023. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023 og 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 480 m.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytinga. Sé hins vegar horft á hækkun útsvars frá árinu 2022 hefur prósentuhækkun beggja ára skilað 940 m.kr. hærra útsvari fyrir fyrsta ársfjórðung
- Launakostnaður er nokkuð yfir markmiðum ársins eða 84% en vert er að hafa í huga að tekjur skila sér í auknum mæli þegar líður á árið, t.d. uppgjör útsvars vegna ársins 2023.
- Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum voru 372 m.kr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hærra verðbólgu en vísitala neysliverðs á tímabilinu hækkaði um 1,97% en áætlun gerði ráð fyrir 1,4% hækkun.
- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 0,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Rekstrarniðurstaðan felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum. Mikilvægt er að stjórnendur fagsviða haldi markvisst utan um reksturinn þannig að rekstur stofnana verði innan fjárheimilda. Vísað er í skyldur sviðstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
- Halli borgarrekinnna grunnskóla á árinu 2022 nam 284 m.kr. eða 0,9% og á árinu 2023 nam hallinn 640 m.kr. eða 1,8% og nú á 1. ársfjórðungi 2024 nam hallinn 150 m.kr. eða 1,6%. Þrátt fyrir skýrar forsendur um fjármögnun á grundvelli nýs rekstrarlíkans er hluti grunnskólanna að glíma við frávik í rekstri sem þarf að takast á við.
- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 782 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu vegna aukinnar þjónustu og ótíðar. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 346 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða á lögbundnum lið, þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.

2. Árshlutauppgjör A-hluta

Rekstrarreikningur janúar-mars 2024

		A-hluti	
	Árshlutareikningur jan.-mar. 2024	Fjárhagsáætlun jan.-mar. 2024	Árshlutareikningur jan.-mar. 2023
REKSTRARTEKJUR			
Skatttekjur	33.889.164	33.420.256	31.542.310
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	3.632.882	3.558.784	2.866.584
Aðrar tekjur	7.321.946	8.009.903	6.359.652
Rekstrartekjur samtals	44.843.992	44.988.942	40.768.545
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	24.576.165	24.226.872	22.486.605
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	662.500	662.500	375.000
Annar rekstrarkostnaður	18.016.004	17.474.118	16.601.108
Rekstrargjöld samtals	43.254.669	42.363.490	39.462.713
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA,	1.589.323	2.625.452	1.305.832
Afskriftir fastafjármuna	2.283.412	2.334.568	2.070.142
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .	(694.089)	290.884	(764.310)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.597.484)	(2.225.847)	(3.209.363)
Rekstrarniðurstaða	(3.291.573)	(1.934.963)	(3.973.673)

Efnahagsreikningur 31. mars 2024

Eignir

	A-hluti	
	Árshlutareikningur 31.3.2024	Ársreikningur 31.12.2023
FASTAFJÁRMUNIR		
Óefnislegar eignir	5.507.972	5.272.080
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir	163.766.632	162.241.089
Gatnakerfi	38.205.959	38.250.309
Áhöld og tæki	8.480.612	8.727.652
Leigðar eignir	5.672.380	5.899.166
	216.125.583	215.118.217
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í félögum	15.746.003	15.546.740
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj.	7.996.319	8.092.608
Aðrar langtímakröfur	1.249.525	1.228.185
	24.991.847	24.867.534
Fastafjármunir samtals	246.625.402	245.257.831
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur og viðskipta kröfur	19.510.206	19.016.139
Næsta árs afborganir annarra langtímakr.	355.526	411.577
Viðskipta kröfur á eigin fyrirtæki	160.191	265.818
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj.	385.156	385.156
Eignir til sölu	572.200	624.200
Aðrar skammtímakröfur	1.633.807	2.260.131
Handbært fé	12.324.404	11.505.818
Veltufjármunir samtals	34.941.489	34.468.838
EIGNIR SAMTALS	281.566.891	279.726.670

Efnahagsreikningur 31. mars 2024

Eigið fé og skuldir

	A-hluti	
	Árshlutareikningur 31.3.2024	Ársreikningur 31.12.2023
EIGIÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	77.962.402	81.253.976
Eigið fé samtals	77.962.402	81.253.976
SKULDBINDINGAR		
Lífeyrisskuldbinding	39.022.527	38.745.232
Skuldbindingar samtals	39.022.527	38.745.232
LANGTÍMASKULDIR		
Langtímalán	115.527.799	111.752.513
Leiguskuldir	10.989.420	11.258.268
Langtímaskuldir samtals	126.517.219	123.010.781
SKAMMTÍMASKULDIR		
Skuldir við lánastofnanir	26.250	26.757
Viðskiptaskuldir	3.749.022	7.073.456
Næsta árs afborganir langtímalána	11.483.432	11.188.614
Næsta árs afborganir leiguskulda	1.662.365	1.649.613
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	1.908.000	1.908.000
Skuldir við eigin fyrirtæki	575.733	882.255
Fyrirfram innheimt	80.409	80.409
Aðrar skammtímaskuldir	18.579.531	13.907.578
Skammtímaskuldir samtals	38.064.742	36.716.682
Skuldir og skuldbindingar samtals	203.604.489	198.472.694
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS	281.566.891	279.726.670

Yfirlit um sjóðstreymi janúar-mars 2024

	Árshlutareikningur jan.-mar. 2024	Fjárhagsáætlun jan.-mar. 2024	Árshlutareikningur jan.-mar. 2023
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(3.291.573)	(1.934.963)	(3.973.673)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna	(849.692)	(1.548.000)	(1.062.072)
Reiknaðar afskriftir	2.283.412	2.334.568	2.070.142
Verðbætur, afföll og gengismunur	1.460.049	1.539.289	2.282.015
Breyting lífeyrisskuldbindingar	662.500	662.500	375.000
Fyrirframgreitt framlag til Brúar Isj, breyting	96.289	96.289	96.289
Veltufé frá rekstri	360.985	1.149.683	(212.299)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun	237.884	674.156	182.863
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	1.041.695	(22.444)	2.617.608
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins	(385.204)	(432.500)	(656.375)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	894.375	219.212	2.144.096
Handbært fé frá rekstri	1.255.360	1.368.894	1.931.797
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(3.511.677)	(3.394.250)	(5.195.871)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(520.036)	(484.251)	(306.514)
Innborguð gatnagerðargjöld	504.080	500.000	702.826
Sala byggingarréttar	850.220	999.000	553.987
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	435	549.000	440.125
Breyting á eignarhlutum	(199.263)	(536.486)	(166.563)
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga	52.000	0	(984.800)
Langtímakröfur, breyting	34.712	0	288.905
Fjárfestingarhreyfingar	(2.789.529)	(2.366.987)	(4.667.905)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný langtímalán	3.648.666	4.125.000	7.072.909
Afborganir langtímalána	(871.859)	(778.231)	(616.954)
Afborganir leiguskulda	(422.847)	(375.444)	(336.988)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	(507)	0	(27.060)
Aðrar hreyfingar	(698)	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	2.352.755	2.971.325	6.091.906
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	818.586	1.973.233	3.355.798
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	11.505.818	12.316.614	10.220.904
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	12.324.404	14.289.847	13.576.701
FJÁRFESTING OG FJÁRMÖGNUN ÁN GREIÐSLUÁHRIFA			
Langtímakröfur	0	0	440.000
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	0	0	440.000

2.1. Fjármagnsliðir A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2024 (í m.kr.)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	277	163	-114
Vaxtatekjur af skatttekjum	23	15	-8
Aðrar vaxtatekjur	2	0	-2
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	0	0	0
Dráttarvaxtatekjur	22	22	0
Tekjur af ábyrgðargjaldi	94	71	-24
Arður	0	0	0
Fjármunatekjur samtals	418	271	-147
Vaxta- og verðbóttagjöld	-2.944	-2.429	515
Dráttarvaxtagjöld	-1	-1	0
Fjármagnstekjuskattur	-54	-33	22
Lántökukostnaður	-16	-33	-17
Fjármagnsgjöld samtals	-3.016	-2.496	519
Samtals	-2.597	-2.226	372

Fjármagnsliður A-hluta á tímabilinu var neikvæður um 2.597 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 2.226 m.kr. Nettó fjármagnsgjöld voru því 372 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun skýrist fyrst og fremst af vaxta- og verðbóttagjöldum sem voru 515 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærri verðbólgu á tímabilinu. Fjármagnstekjuskattur var 22 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármunatekjur voru 147 m.kr. yfir áætlun, ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár var 114 m.kr. yfir áætlun og tekjur af ábyrgðargjaldi 24 m.kr. yfir áætlun.

Lausafjárstýring: Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár það sem af er ári var jákvæð um 114 m.kr. Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í lok

mars námu 7.259 m.kr. og er ávöxtun þess 2,33% frá áramótum. Ávöxtun skuldabréfasafnsins er 5,58% síðustu 12 mánuði.

Handbært fé A-hluta í lok mars var 12.324 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé væri um 14.290 m.kr.

Lánastýring: Staða lána í A-hluta án leiguskulda var 127.011 m.kr. í lok mars en voru 122.941 m.kr. í upphafi árs. Hækkunin nemur 4.070 m.kr. og samanstendur af nýrri lántöku að fjárhæð 3.649 m.kr., 1.293 m.kr. í áföllnum verðbótum og til lækkunar eru afborganir lána 872 m.kr.

Lántökuáætlun ársins hljóðar upp á 16.500 m.kr. Í mars var búið að taka lán með áföllnum vöxtum að fjárhæð 3.738 m.kr. að markaðsvirði. Sjá nánar um lántöku ársins töflu.


	Skuldabréfaútgáfa	Lánarammi	Samtals
Janúar	1.301.756.052	0	1.301.756.052
Febrúar	2.085.935.902	0	2.085.935.902
Mars	350.068.663		350.068.663
Samtals	3.737.760.616	0	3.737.760.616

Efnahagsmál: Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,80% milli febrúar og mars og hækkaði ársverðbólga milli mánaða úr 6,6% í 6,8%. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 5,60% ársverðbólguhækkun á árinu 2024 í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá nóvember 2023. Frá ársbyrjun hefur vísitala neysliverðs hækkað um 1,97%² samanborið við 1,4% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Vaxtaþróun: Meginvextir Seðlabanka Íslands voru 9,25% í lok tímabilsins.

² Skuldir Reykjavíkurborgar eru reiknaðar upp miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og hefur hún hækkað um 1,6% á tímabilinu.

2.2. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2024_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2023_03	Breyting	%
Staðgreiðsla	31.266	30.556	710	2,3%	29.043	2.222	7,7%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-4.615	-4.511	-104	2,3%	-3.866	-749	19,4%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-122	0	-122	N/A	-485	363	-74,9%
Nettó útsvar	26.529	26.045	484	1,9%	24.693	1.836	7,4%
Fasteignaskattar	8.036	8.048	-12	-0,16%	7.471	565	7,6%
Skatttekjur samtals	34.564	34.093	471	1,4%	32.163	2.401	7,5%
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	663	599	65	10,8%	568	96	16,8%
Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb.	400	292	108	36,8%	0	400	N/A
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	230	238	-8	-3,3%	215	15	7,1%
Gr. frá ríkissjóði v. móttöku flóttafólks	179	109	69	63,3%	64	115	179,8%
Gr. v. Klettaskóla og frístundar Klettaskóla	340	321	19	5,9%	315	25	7,9%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	94	45	49	109,8%	106	-11	-10,6%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	171	123	48	38,8%	368	-197	-53,5%
Ýmsir styrkir	116	60	56	93,5%	101	15	14,7%
Endurgeiðslur annarra samtals:	2.192	1.787	406	22,7%	1.735	458	26,4%
Framlög Jöfnunarsjóðs	3.633	3.559	74	2,1%	2.867	766	26,7%
Þjónustutekjur	3.808	3.539	268	7,6%	3.237	570	17,6%
Eignatekjur	173	144	28	19,7%	169	4	2,1%
Aðrar tekjur	948	890	59	6,6%	720	229	31,8%
Rekstrartekjur samtals	45.319	44.012	1.307	3,0%	40.891	4.427	10,8%
Laun og launatengd gjöld	-24.125	-23.725	-401	1,7%	-22.061	-2.064	9,4%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-662	-662	0	0,0%	-375	-287	76,7%
Launakostnaður samtals	-24.788	-24.387	-401	1,6%	-22.436	-2.351	10,5%
Annar rekstrarkostnaður	-26.183	-24.904	-1.278	5,1%	-23.628	-2.555	10,8%
Rekstrargjöld samtals	-50.971	-49.292	-1.679	3,4%	-46.064	-4.906	10,7%
Fjármagnsliðir	381	113	268	236,5%	446	-66	-14,7%
EBITDA	-5.652	-5.280	-372	7,1%	-5.173	-479	9,3%
Rekstrarniðurstaða	-5.271	-5.167	-105	2,0%	-4.727	-544	11,5%


Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 5.271 m.kr. sem var 105 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (EBITDA) var neikvæð um 5.652 m.kr. eða um 372 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir í áætlun.

Rekstrartekjur Staðgreiðsla var 710 m.kr. yfir áætlun eða 2,3%. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 122 m.kr. yfir áætlun. **Fasteignaskattar** voru 12 m.kr. undir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 74 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 406 m.kr. yfir áætlun einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 268 m.kr. yfir áætlun og aðrar tekjur eru 59 m.kr. yfir áætlun.

Rekstrargjöld voru 1.679 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,4%. **Laun og launatengd gjöld** námu 24.125 m.kr. eða 401 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik í launakostnaði voru mest á skóla- og frístundasviði 593 m.kr. ásamt velferðarsviði án bundinna liða 234 m.kr. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 662 m.kr. en gjaldfært var í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** var 26.183 m.kr. eða 1.278 m.kr. umfram fjárheimildir. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 177 m.kr.

Nettó fjármunatekjur voru 381 m.kr. eða 268 m.kr. yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 278 m.kr. yfir áætlun ásamt vaxtagjöldum og verðbótum sem voru 12 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi frávik má að mestu rekja til hærri verðbólgu á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármagnstekjuskattur var 21 m.kr. yfir áætlun.

2.3. Eignasjóður



Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2024_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2023_03	Breyting	%
Leigutekjur	8.337	8.292	45	0,5%	7.284	1.052	14,4%
Sala byggingaréttar	850	999	-149	-14,9%	554	296	53,5%
Sala fastafjármuna	-1	549	-550	-100,1%	508	-509	-100,1%
Aðrar tekjur	193	246	-53	-21,6%	215	-22	-10,3%
Rekstrartekjur samtals	9.379	10.086	-706	-7,0%	8.562	818	9,6%
Laun og launatengd gjöld	-597	-671	73	-10,9%	-568	-30	5,2%
Annar rekstrarkostnaður	-864	-836	-28	3,4%	-905	42	-4,6%
Afskriftir	-2.283	-2.335	51	-2,2%	-2.070	-213	10,3%
Rekstrargjöld samtals	-3.745	-3.841	96	-2,5%	-3.543	-201	5,7%
Fjármagnsliðir	-2.978	-2.339	-639	27,3%	-3.656	677	-18,5%
EBITDA	7.918	8.579	-661	-7,7%	7.088	830	11,7%
EBIT	5.635	6.245	-610	-9,8%	5.018	617	12,3%
Rekstrarniðurstaða	2.656	3.906	-1.249	-32,0%	1.362	1.294	95,0%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 2.656 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 3.906 m.kr. og niðurstaðan því 1.249 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrartekjur voru 9.379 m.kr. eða 706 m.kr. undir áætlun. **Leigutekjur** voru 8.337 m.kr. eða 45 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 20 m.kr. yfir áætlun og innri leiga var 25 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 850 m.kr. og var 149 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** var 550 m.kr. undir áætlun og **aðrar tekjur** voru 193 m.kr. og voru 53 m.kr. undir áætlun.

Rekstrargjöld námu 3.745 m.kr. eða 96 m.kr. innan fjárheimilda. **Annar rekstrarkostnaður** var 864 m.kr. eða 28 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var eignaskrifstofa 48 m.kr. innan fjárheimilda, skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu 9 m.kr. innan fjárheimilda og Umhverfis- og skipulagssvið 85 m.kr. umfram fjárheimildir.


Nettó fjármagnsgjöld voru 2.978 m.kr. eða 639 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til hærri vaxta á árinu en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjárfestingar á tímabilinu námu 4.032 m.kr. eða um 153 m.kr. yfir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 504 m.kr. eða 4 m.kr. yfir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 3.528 m.kr. og reyndist 149 m.kr. yfir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

3. Nánar um A-hluta

3.1 Aðalsjóður


3.1.1 Menningar- og íþróttasvið



Rekstur MÍR (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	785	610	175	28,7%
Laun og launat. gj.	1.399	1.387	12	0,9%
Annar rekstrark.	4.622	4.520	102	2,3%
Nettó útgjöld	5.236	5.297	-61	-1,1%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2024 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 5.236 m.kr. sem var 61 m.kr. eða 1,1% innan fjárheimilda.



Þjónustupættir MÍR

Málaflokkar MÍR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik	%
Yfirstjórn MÍR	0	0	0	85	84	2	20	18	1	105	102	3	2,8%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	3	2	1	13	10	3	40	59	-18	50	67	-17	-24,8%
Menningarborg	10	1	9	7	11	-4	855	849	6	853	860	-7	-0,8%
Söfn	100	83	17	411	410	1	390	375	15	700	701	-1	-0,1%
Íþróttaborg	17	20	-3	18	22	-4	2.639	2.545	94	2.640	2.547	93	3,6%
Sundlaugar	350	315	35	490	455	35	468	467	1	608	607	1	0,1%
Útílfisborg	73	45	28	110	124	-14	105	98	6	142	177	-35	-19,9%
Skíðasvæðin	226	138	88	168	157	11	77	70	6	19	90	-71	N/A
Hitt húsið	5	6	-1	96	114	-18	28	38	-9	119	145	-26	-18,2%
Samtals	785	610	175	1.399	1.387	12	4.622	4.520	102	5.236	5.297	-61	-1,1%

Yfirstjórn: var 3 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru laun 2 m.kr. umfram fjárheimildir og annar kostnaður umfram sem nam 1 m.kr.

Kynningarmál, sérverkefni og annað: var 17 m.kr. innan fjárheimilda að mestu vegna þess að annar kostnaður var 18 m.kr. innan fjárheimilda. Gert er ráð fyrir að kostnaður sem reiknað var með á fyrstu mánuðum ársins falli til síðar á árinu.

Menningarborg: var 7. m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur voru 9 m.kr. yfir áætlun, launakostnaður var 4 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður var um 6 m.kr. umfram fjárheimildir.

Söfn: voru samtals 1. m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur voru 17 m.kr. yfir áætlun en annar rekstrarkostnaður var 15 m.kr. umfram fjárheimildir.

Íþróttaborg: var 93 m.kr. umfram fjárheimildir og vegur þar mest upphitun gervigrasvalla í kuldatíð vetrarins. Tekjur voru 3 m.kr. undir áætlun. Laun voru 4 m.kr. innan fjárheimilda en annar rekstrarkostnaður 94 m.kr. umfram fjárheimildir.


Sundlaugar: voru 1 m.kr. umfram fjárheimilda. Tekjur voru 35 m.kr. yfir áætlun, laun voru 35 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður var 1.m.kr. umfram fjárheimildir.

Útilífsborg: var 35 m.kr. innan fjárheimilda í heild. Laun voru 14 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður var 6 m.kr. innan fjárheimilda. Helsta ástæða þessara frávika eru starfsmannabreytingar og endurskipulagning á starfsemi og fellur því kostnaður til seinna á árinu en venju samkvæmt.

Skíðasvæði: Voru í heild 71 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur voru 88 m.kr. yfir áætlun, laun voru 11 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður 6 m.kr. umfram fjárheimildir. Mikil aukning var í fjölda opnunardaga vegna hagstæðs veðurs og snjóframleiðslu og skýrir það þessa góðu afkomu.

Hitt húsið: Hitt húsið var 26 m.kr. innan fjárheimilda í heild. Tekjur voru 1. m.kr. undir áætlun. Laun voru 18 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður var 9 m.kr. innan fjárheimilda.


3.1.2 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	1.724	1.592	132	8,3%
Laun og launat. gj.	13.109	12.516	593	4,7%
Annar rekstark.	7.988	7.610	378	5,0%
Nettó útgjöld	19.373	18.534	839	4,5%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2024 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 19.373 m.kr. sem var 839 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,5% en til samanburðar var halli sviðsins um 4,9% skv. uppgjöri janúar til desember 2023.



Tekjur voru 8,3% umfram áætlun sem er m.a. vegna styrkja og tekna vegna hælisleitenda.

Laun voru 4,7% umfram fjárheimildir sem kemur til vegna meiri afleysinga vegna veikinda, aukins stuðnings og móttöku hælisleitenda. Hluta umframkeyrslu launa má skýra með sérverkefnum sem fela í sér aukinn launakostnað sviðsins en jafnframt leiða til hækkunar á tekjum. Til að takast á við rekstrarhalla SFS þá hafa verið haldnir fundir með stjórnendum starfsstaða til að fara yfir stöðuna og hvaða aðgerðir sé hægt að fara í á hverjum og einum stað. Mikið aðhald er í starfsmannahaldi þar sem allar ráðningar starfsmanna fara nú fyrir ráðninganefnd þar sem leggja þarf fram rök fyrir hverri ráðningu. Leikskólar borgarinnar hafa nær allir verið í halla þar sem fjárheimildir þeirra hafa ekki verið í samræmi við fjárþörf. Unnið hefur verið að nýju rekstrarlíkani á síðustu misserum til að fjárheimildir þeirra verði betur í takt við raunverulega þörf. Gert er ráð fyrir að stutt sé í að nýtt líkan verði tilbúið.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	946	823	123	7.275	7.053	222	4.616	4.349	266	10.945	10.580	365	3,5%	Halli
Leikskólar	515	504	11	4.306	3.750	556	2.551	2.420	131	6.343	5.666	677	11,9%	Halli
Frístundastarf	242	245	-2	1.122	1.306	-184	211	229	-19	1.090	1.290	-201	-15,5%	Afgangur
Skrifstofur SFS	9	10	-1	300	304	-4	107	95	12	399	389	9	2,4%	Halli
Listaskólar ofl.	12	10	2	105	102	3	503	516	-13	596	608	-12	-2,0%	Afgangur
Samtals	1.724	1.592	132	13.109	12.516	593	7.988	7.610	378	19.373	18.534	839	4,5%	Halli

Þegar horft er á rekstur SFS eftir sviðshlutum sést að halli var upp á samtals 839 m.kr. Halli á rekstri grunn- og leikskóla var 1.042 m.kr. en rekstur annarra liða var samtals 204 m.kr. innan fjárheimilda.

Grunnskólahluti

Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 10.945 m.kr. sem var 365 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5%.



Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Grunnskólar samreknir	99	93	6	1.063	1.008	55	579	565	13	1.542	1.480	62	4,2%	Halli
Grunnskólar	449	400	49	5.484	5.371	113	2.725	2.701	24	7.760	7.672	88	1,1%	Halli
Sérskólar	287	274	13	568	476	91	189	180	9	470	382	88	23,0%	Halli
Samtals borgarreknir:	835	768	68	7.114	6.855	259	3.493	3.447	46	9.772	9.534	238	2,5%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	110	55	55	154	198	-44	440	351	89	484	494	-11	-2,1%	Afgangur
Óreglulegir liðir grunnskóla				7		7	36		36	43		43	100,0%	Halli
Einkaskólar							646	552	95	646	552	95	17,2%	Halli
Samtals borgar. og einkar	946	823	123	7.275	7.053	222	4.616	4.349	266	10.945	10.580	365	3,5%	Halli

Grunnskólar borgarinnar

